

Alþingi
Erindi nr. P 130/1363
komudagur 18.3.2004

Iðnaðarnefnd Alþingis.

Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar hefur engar athugasemdir við frumvarp um að heimilt verði að gefa út ELS tíðindin á rafrænu formi, sbr. mál nr. 442.

Með kveðju,

Rán Tryggvadóttir

Formaður áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar
Þinghóltsstræti 33
101 Reykjavík

**ELS**

EINKALEYFASTOFAN

Skúlagata 63 IS-150 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/1330
komudagur 11.3.2004

Tilvísun yðar:

442. mál

Tilvísun vor:

010-04

Dagsetning:

09.03.2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda, mál nr. 442.

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 2. mars s.l. þar sem Einkaleyfastofunni er sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Að mati Einkaleyfastofunnar hefur efni frumvarpsins í för með sér ótvíræða kosti fyrir Einkaleyfastofuna, lesendur ELS-tíðinda og með tilliti til umhverfisvænna þátta. Rafræn útgáfa blaðsins einfaldar vinnu við útgáfu þess, kostnaður vegna útgáfu blaðsins lækkar auk þess sem rafræn útgáfa dregur almennt úr pappírnotkun. Þá geta þeir sem þess óska ávallt kynnt sér efni blaðsins á heimasíðu Einkaleyfastofunnar sér að kostnaðarlausu.

Þess má geta að rafræn útgáfa gagna á sviði stjórnáslu samræmist upplýsingastefnu stjórnvalda sem fram kemur í skýrslu sem fyrr á þessu ári var gefin út af forsætisráðuneytinu og er birt á heimasíðu ráðuneytisins (Íslenska upplýsingasamfélagið 2003). Í skýrslunni kemur m.a. fram að þjónusta og gögn á sviði stjórnáslu skuli vera hægt að nálgast með aðstoð upplýsingatækni til þess að jafna aðgang aðila að gögnum óháð búsetu eða fjárhag. Einnig kemur fram að það skuli vera markmið að nýta upplýsingatækni í því skyni að auka aðgang almennings að upplýsingum.

Þá segir í skýrslunni að lög og reglur skuli endurskoða með hliðsjón af upplýsingatækni m.a. til að örva tækniþróun og vernda rétt einstaklinga og fyrirtækja.

Efni umrædds frumvarps er ótvírætt í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í fyrrgreindri skýrslu.

Að lokum skal bent á að einkaleyfastofur á öðrum Norðurlöndum gefa út sambærileg tíðindi um skráningar, með rafrænum hætti.

Einkaleyfastofan gerir engar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Einkaleyfastofunnar

Borghildur Erlingsdóttir, deildarstjóri

Sími:
580 9400

Bréfasími:
580 9401

Kennitala:
650191-2189

Afgreiðslutími:
mánudaga - föstudaga kl. 10 - 15

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1350
komudagur 15.3.2004

Iðnaðarnefnd Alþingis.

Frumvarp til laga varðandi rafræna útgáfu ELS tíðinda, 442. mál

Ég vísa í bréf dags. 2.3.2004 sem var sent til mín sem formanns Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa.

Ég hef farið yfir frumvarpið og borið það undir aðra stjórnarmenn. Við erum sammála um að gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Valborg Kjartansdóttir



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1236
komudagur 5.3.2004


Reykjavík, 04.03.2004
Tilv. 90.13
JS/sv

Málefni: Frumvarp til laga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, 130. löggj. þing 2003-2004.

Vísað er í erindi iðnaðarnefndar Alþingis dags. 2. mars 2004, varðandi umsögn um ofangreint frumvarp til laga.

Hafrannsóknastofnunin hefur engar athugasemdir fram að færa varðandi frumvarpið.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
552-0240
Póstfax:
562-3790

Heimasíða:
<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:
librarian@hafro.is



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1258
komudagur 8.3.2004


SKRIFSTOFA REKTORS
Akureyri, 5. mars 2004

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vísað er í frumvarp til laga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, ELS-tíðindi.

Háskólinn á Akureyri hefur kynnt sér efni þess og hefur engar athugasemdir við það. Mælt er með að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson rektor

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1699
komudagur 7. 4. 2004

Sent: 5. apríl 2004 17:08
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Cc: astav@einkaleyfastofan.is
Subject: Einkaleyfagr. (ELS-tíðindi), 442. mál

Í aukatekjulögum er ljósrít á 100 kr. síðan.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 916/2001 er ljósrít af gögnum varðandi einkaleyfi o.fl. 50 kr. síðan.

Í 19. gr. rg. eru ELS-tíðindi seld á 300 kr. eintak í lausasölu (miðað við 60 bls. um 5 kr. á síðuna).

Í drögum að nýrri rg. er gert ráð fyrir 300 kr. á eintak í útprentun, sem kemur í stað lausasölu, en 10 kr. á hverja einstaka síðu, sbr. kostnað við að finna efnið, ljósrita það og senda í pósti eða faxes (væntanlega lítið handa hverjum og einum; tap yrði t.d. á að ljósrita 4 síður og senda þær í pósti).

Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs

Alþingi

Erindi nr. P 130/1300

komudagur 10.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 09.03.04

Málefni: Umsögn tækninefndar um frumvarp til laga um hugverkeréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, ELS-tíðindi.


Tækninefnd fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á löggjöf um hugverkeréttindi á sviði iðnaðar, þskj. 613 – 442. mál, á fundi sínum þann 9. mars 2004.

Tækninefnd telur að rafræn útgáfa ELS-tíðinda, er varða hönnun, vörumerki og einkaleyfi, sé eðlileg framþróun við útgáfu slíkra upplýsinga. Tryggja verður þó að ávallt sé tryggt aðgengi að upplýsingunum í gegnum veraldarvefinn, auk þess sem gæta verður þess að þeir sem óska þess að fá ELS-tíðindi á prentuðu formi fái slíka þjónustu.

Tækninefnd fagnar framförum á sviði rafrænnar stjórnsýslu og telur að stefna beri að því að Ísland verði í fararbroddi meðal þjóða á því sviði

Virðingarfyllst,

f.h. tækninefndar



Halgrímur Jónásson, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 130/1329
komudagur 11.3.2004


Iðntæknistofnun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 09.03.04
0AD4105-15 HAJ/aó

**Málefni: Frumvarp til laga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál,
ELS-tíðindi**

Iðntæknistofnun telur að rafræn útgáfa ELS-tíðinda, er varða hönnun, vörumerki og einkaleyfi, sé eðlileg framþróun við útgáfu slíkra upplýsinga. Tryggja verður þó að ávallt sé tryggt aðgengi að upplýsingunum í gegnum veraldarvefinn, auk þess sem gæta verður þess að þeir sem óska þess að fá ELS-tíðindi á prentuðu formi fái slíka þjónustu.

Vakin er athygli á frétt á heimasíðu Iðntæknistofnunar varðandi „Ísland í fremstu röð í upplýsinga- og samskiptatækni“, en fréttin byggir á upplýsingum frá World Economic Forum. Þar kemur fram að Ísland var í 5. sæti en er nú í 10. sæti. Ástæða er til að hvetja stjórnvöld til að vinna markvisst að notkun upplýsinga- og samskiptatækni á sviði stjórnsýslunnar.

Virðingarfyllt


Hallgrímur Jónasson
forstjóri



Iðntæknistofnun

Nýtt efni Eldra efni

13.2.2004

Ísland í fremstu röð í upplýsinga- og samskiptatækni

World Economic Forum hefur undanfarin ár lagt mat á hversu tilbúna (viljugar) þjóðir eru til að taka þátt í og hagnýta sér upplýsinga- og samskiptatækni og birt í The Network Readiness Index, (NRI). Slíkt mat er nú lagt fram í þriðja skiptið og tilgangurinn er að skilja betur áhrif upplýsinga- og samskiptatækni á samkeppnishæfni þjóða.


Ísland er í 10. sæti í könnuninni en var í 5. sæti 2002-2003. Norðurlöndin eru öll meðal 10 efstu þjóða, Finnland í 3. sæti, Svíþjóð í 4., Danmörk í 5., Noregur í 8. og Ísland í 10. Bandaríkin eru í efsta sæti, Singapore í 2. sæti, Kanada í 6. sæti, Sviss í 7. sæti, Ástralía í 9. sæti, Þýskaland í 11. sæti og Japan í 12. sæti.

Lykilþáttakendur í þróun notkunar samskiptanets með þróun og notkun upplýsinga- og samskiptatækni eru einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld. Það er almennt *umhverfi*, s.s. rekstrarleg mál og reglugerðir sem stjórna því hvernig einstakir lykilaðilar taka þátt. *Notkun* upplýsinga- og samskiptatækni og þar með áhrifin stjórnast af *vilja og getu* aðila til að hagnýta sér tæknina.

Vísitalan um upplýsinga- og samskiptatækni byggist á ýmsum gögnum sem safnað hefur verið af INSEAD, Alþjóðabankanum og World Economic Forum. Módelið sem byggt er á kemur fram á mynd hér að neðan þar sem vægi umhverfis, vilja og notkunar er jafnt. Á myndinni kemur fram staða Íslands þegar þjóðunum hefur verið raðað upp í röð (rank), þ.e. Ísland er 10. í röðinni meðal 102 þjóða. Eins og sjá má er umhverfispátturinn sterkastur hér á landi (5), þar sem innviðir bera af (1). Hins vegar eru veikleikar helst í vilja stjórnvalda (32) og notkun stjórnvalda (23).

Með einföldum hætti má sýna stöðu Íslands á eftirfarandi mynd:

Tölur í sviga gefa til kynna stöðu Íslands meðal 102 þjóða.



[<< til baka](#)

Alþingi
Erindi nr. P 130/1408
komudagur 17. 3. 2004

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2004

Umsögn Kennaraháskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda.

Kennaraháskóli Íslands gerir að svo komnu máli ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Með kveðju,



Ólafur Proppé rektor

Alþingi
Erindi nr. P 130/1452
komudagur 19.3.2004

Landssamband Hugvitsmanna LHM
P.O.Box 5134, 125 Reykjavík

Reykjavík 25.mars 2004

Fr. nefndarritari
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Iðnaðarnefnd Alþingis

Fyrir hönd Landssambands Hugvitsmanna vill undirrituð koma á framfæri athugasemd vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda. Með þessum lögum verður ELS tíðindin gefin út rafrænt og dreift á netinu.

Landssamband Hugvitsmanna telur að það geti veikt stöðu leyfishafa á alþjóðavettvangi ef hann hefur aðeins náð að sækja um einkaleyfi á Íslandi þegar birtingin á sér stað á netinu ?

Virðingarfyllst

Elinóra Inga Sigurðardóttir
Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður LHM

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1349
komudagur 15.3.2004

VÍSINDANEFND VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.3.2004

Málefni: Umsögn vísindanefndar um frumvarp til laga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, ELS-tíðindi.


Vísindanefnd fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, þskj. 613 – 442. mál, á fundi sínum þann 3. mars 2004.

Vísindanefnd fagnar framförum á sviði rafrænnar stjórnsýslu og telur breytinguna lið í því efni. Nefndin telur að rafræn útgáfa ELS-tíðinda, er varða hönnun, vörumerki og einkaleyfi, sé eðlileg framþróun við útgáfu slíkra upplýsinga. Tryggja verður öruggan aðgang að upplýsingunum í gegnum netið, auk þess að þeir sem þess óska geti fengið ELS-tíðindi á prentuðu formi fái slíka þjónustu.

Nefndin telur að áfram þurfi að gera ráð fyrir útgáfukostnaði vegna ELS þrátt fyrir hið breytta form.

Loks vekur nefndin athygli á gildistökuákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. vísindanefndar



Eiríkur Baldursson, ritari



Raunvísindastofnun Háskólans
Dunhaga 3, 107 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/1328
komudagur 11. 3. 2004

8. mars 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags 2. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn Raunvísindastofnunar Háskólans á frumvarpi til laga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, ELS-tíðindi.

Hér er um tæknilegt atriði að ræða og hefur Raunvísindastofnun engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Viðar Guðmundsson
Formaður stjórnar RH